

Abstract

The main issue of this thesis is the connection between implementation of an information system and change management and the possibility of using change management to improve the results of an implementation.

At the beginning of the paper the following questions were raised.

- What have the studies of change management and information systems in common?
- What effect does company culture have on nature of change?
- How important are communications during a change process and in which way do they affect an implementation of an IS ?
- Does employee participation affect the implementation of an IS ?
- Why do changes cause resistance and what can management do to overcome it?

To search for answers to these questions theoretical backgrounds of information systems and change management were analysed and looked for a connection between them. Also, an actual implementation of an IS at the local hospital inspected and those employees connected with it interviewed.

The conclusion is that the connection rests in employee participation and instructions for an implementation based on that were put forward.

Theoretically change management can improve an implementation of an information system in an organization, but only at the cost of a thorough preparation and prohibitive actions.

Key words:

Change management, implementation, information system.

Útdráttur

Möguleg tengsl innleiðingar upplýsingakerfa og breytingastjórnunar og möguleikann á notkun breytingastjórnunar í þeim tilgangi að bæta árangur innleiðingar er efni sem áhugavert er rannsaka. Í upphafi voru lagðar fram eftirfarandi rannsóknarspurningar.

- *Hvað eigi fræði breytingastjórnunar og upplýsingakerfa sameiginlegt?*
- *Hver eru áhrif fyrirtækjameningar á breytingar?*
- *Hversu mikilvæg eru samskipti innan fyrirtækisins á breytingartímum og á hvaða hátt tengjast þau innleiðingu upplýsingakerfa?*
- *Hefur þátttaka starfsmannsins áhrif á innleiðingu upplýsingakerfa?*
- *Hvers vegna kemur upp mótþrói við breytingum og hvað geta stjórnendur gert til að yfirvinna hann?*

Til að leita svara við þessum spurningum var fræðilegur grunnur upplýsingakerfa og breytingastjórnunar rannsakaður og leitað eftir mögulegum tengingum þar á milli. Auk þess var fylgt eftir innleiðingu á upplýsingakerfi hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og tekin viðtöl við starfsmenn sem tengdust henni.

Niðurstaðan varð sú að tenging milli fræðanna fólst í þáttöku starfsmanna og lagt er fram innleiðingarlíkan sem er byggt á þeim.

Fræðilega getur breytingastjórnun bætt árangur af innleiðingu upplýsingakerfis í starfsemi fyrirtækis en það kostar góðan undirbúning og fyrirbyggjandi aðgerðir.

Lykilorð:

Breytingastjórnun, innleiðing, upplýsingakerfi.